

Umsókn um námsval í 8.-10. bekk 2017-2018

Samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur í 8.-10. bekk að eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í hluta námstímans. Allir nemendur þurfa að ljúka ákveðnum tímafjölda í íslensku, stærðfræði, dönsku, ensku, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, verk- og listgreinum, íþróttum og sundi en í um fimmtungi námstímans í þessum bekkjum eiga nemendur að velja sér viðfangsefni eftir áhuga og áherslum til framtíðar.

Skilyrði er að foreldrar séu með í ráðum þegar námsgreinar eru valdar og þeir eru beðnir um að staðfesta valið með undirskrift.

Það val sem hér er boðið upp á er að sjálfsögðu með fyrirvara um breytingar, ekki er öruggt að hægt verði að bjóða upp á allt sem hér kemur fram og/eða að allir geti komist í allar þær greinar sem þeir sækjast eftir.

Nemendur í 8.-10. bekk eiga að vera 1480 mínútur í skólanum í hverri viku. Kjarnagreinar taka 29 kennslustundir á stundaskrá hjá þessum bekkjum. Í 2 kennslustundum á viku verður boðið upp á verkgreinakennslu, þar verða bæði bekkjakennarar og list- og verkgreinakennarar til staðar og geta því nemendur unnið að margvíslegum verkefnum.

Nemendur þurfa því að velja sér valgreinar sem svarar að minnsta kosti 6 kennslustundum samtals svo nægilegum tímafjölda sé náð.

Á valblaðinu hér á baksíðunni þurfa nemendur því að raða saman vali sem svarar a.m.k. 6 kennslustundum samtals, mikilvægt er að velja líka einhverjar greinar til vara.

Nemendur þurfa því að forgangsraða vali sínu með því að númera það sem valið er frá 1-10.

Lýsingar á valgreinum eru sendar í tölvupósti til aðstandenda en nemendur fá kynningu í skólanum. Einnig má leita til skólastjórnenda eða hafa samband við allas@akmennt.is til að fá upplýsingar og/eða útskýringar varðandi námsvalið. Athugið að þær greinar sem merktar eru 9.-10.b. í bæklingnum standa einungis nemendum í þeim bekkjum til boða.

Vinsamlegast skilið valblöðum til ritara eða skólastjórnenda í síðasta lagi mánudaginn 8.maí.



Innanskóla valgreinar Allar fyrir 8. – 10. bekk

Kennt á mánudögum

1 önn 2 annir

- Áætlun og námstækni haust/vor
 Bakstur haust
 Heimilisfræði vor
 Fatasamur haust
 Myndmennt
 Þrjón og hekl vor

Kennt á Þriðjudögum

1 önn 2 annir

- Skólahreystival haust- vor
 Bakstur vor
 Heimilisfræði haust
 Myndmennt
 Tauprykk og fatalitun haust
 Skartgripagerð vor
 Veðiðhnífar haust

Kennt á miðvikudögum

1 önn 2 annir

- Kvikmyndir haust-vor
 Legó haust

Metið val. Ef óskað er eftir að fá nám í tónlistarskóla, myndlistarskóla eða reglubundna þátttöku í félagsstarfi og/eða íþróttum metið í stað valgreinar skal skrá það hér fyrir neðan. Athugið að skólinn greiðir ekki kostnað vegna þessa vals

Metið val sem svarar ástundun í 1,5- 4 klst. á viku.

Metið val sem svarar ástundun í 4,5 klst. eða meira á viku.

Hvaða nám/ástundun er óskað eftir að fá metið?

: _____

Valgreinar í samvinnu við aðra skóla, samval

Kennt á mánudögum

- Aðhlyning- haust (VMA 9. – 10. B kl: 14:40)
 Hársnyrtiðn vorönn (VMA 9.-10.b kl:14:40)
 Félagsmiðstöðvarval (Naustaskóli)
 Rafiðnir - vor (VMA 9.-10.b kl 14:40)
 Rúllur,bolti,teygjur,slökun.(Bjarg kl:14:00)
 Körfuboltaskóli (Naustaskóli kl: 14:00)
 Hönnunar og tæknismiðja-vor eða haust (Lundaskóli kl: 14:00)
 Þjónusta (VMA kl: 14:40)
 Heimspeki (Síðuskóla kl: 14:00)
 Borðspil (Síðuskóla kl: 14:00)

Kennt á þriðjudögum

- Hársnyrtiðn vor (VMA 9.-10.b kl: 14:40)
 Boltaíþróttir (KA heimili 13:50)
 Fluguhnýtingar og stangveiði (Glerársk kl: 14:00)
 Leður, leir, mósaík. (Glerárskóli kl:14:00)
 Leitun að grenndargralinu (Giljaskóli kl:14:00)
 Líkamsrækt (Átak 9.-10.b kl:14:00 og 15:00)
 Tauprykk haust (Giljaskóli)
 Yoga (Átak kl: 14:00 og 15:00)
 Spænska (Oddeyrarskóli kl: 14:00)
 Dans (Glerárskóli kl:14:00)

Kennt á miðvikudögum

- Knattspyrnuskóli Þórs (Boginn kl: 14:00)
 Rafiðnir - vor (VMA 9.-10.b kl 14:40)
 Hjólaval (Lundarskóli kl:14:00)
 Söng-leikur (Hof kl: 14:00)
 Skák (kl:14:00)
 Þjónusta VMA kl: 14:40
 Náttúrufr/Raungreinar(Lundarsk 9.-10.b. kl: 14:00)
 Fatasamur/prjón/hekl (kl: 14:00 Lundarskóla)

Kennt á Föstudögum

- Spaðaíþróttir (Naustaskóla kl: 14:00)
 Margmiðlun (Brekuskóla kl: 14:00)
 Yoga (Átak kl: 14:00 ig 15:00)
 Iðnir, tækni og Slippurinn (10.b kl: 14:00-15:45)
 Franska (Lundsarskóli 9.-10.b kl:14:00)

Nafn nemanda: _____

Undirskrift forráðamanns: _____